



Lokaverkefni B.Sc. í íþróttافرæði

Samanburður á $VO_{2\max}$, hámarks mjólkursýru uppsöfnun í líkamanum og endurheimt hennar

-hjá Crossfitturum, hlaupurum og fótbolta iðkendum

Maí, 2022

Nafn nemanda: Jóhann Birnir Hyldahl Guðmundsson

Kennitala: 111298-2469

Leiðbeinendur: Unnbjörg Jóna Ómarsdóttir og Ingi Þór Einarsson

12 ECTS ritgerð til B.Sc prófs í íþróttافرæði

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar var að (i) bera saman karlkyns og kvenkyns hlaupara í $VO_{2\max}$ og mjólkursýru, (ii) bera saman kvenkyns hlaupara, crossfítara og fótbolta iðkendur.

Aðferð: Alls framkvæmdu 68 þátttakendur $VO_{2\max}$ og mjólkursýru mælingar. Þátttakendur skiptust í: 30 karlkyns hlauparar, 17 kvenkyns hlauparar, níu kvenkyns Crossfittarar og 12 kvenkyns fótbolta iðkendur. Niðurstöður voru greindar eftir (i) kyni fyrir hlaupara og (ii) eftir íþróttahópum fyrir konur.

Niðurstöður: Kvenkyns fótbolta iðkendur voru marktækilega yngri en aðrir kvennkyns íþróttahópar ($p < 0,05$). Karlkyns hlauparar voru marktækt hærri og þyngri þegar borið var saman við kvenkyns hlaupara ($p < 0,05$). Kvenkyns fótbolta iðkendur voru með marktækt hærri mjólkursýru samanborið við kvenkyns Crossfittara ($p < 0,05$). Karlkyns hlauparar voru með marktækt hærri $VO_{2\max}$ en kvenkyns hlaupara ($p < 0,05$). Kvenkyns fótbolta iðkendur og kvenkyns hlauparar höfðu marktækt hærri $VO_{2\max}$ en kvenkyns Crossfittarar ($p < 0,05$), einnig voru kvennkyns fótbolta iðkendur marktækt hærri í $VO_{2\max}$ samanborið við kvenkyns hlaupara ($p < 0,05$).

Ályktanir: Álykta má að kvenkyns fótbolta iðkendur hafa hæstu $VO_{2\max}$ gildi og hröðustu endurheimt á mjólkursýru í háákefðar þolprófi meðal prófaðra hópa. Einnig er hægt að áætla að kvenkyns fótbolta iðkendur hafa besta loftháða þolið, miðað við hópa sem voru prófaðir.

Formáli

Þessi ritgerð er 12 ECTS eininga lokaverkefni fyrir B.Sc. gráðu í íþróttافرæðum við íþróttافرæðideild við Háksólann í Reykjavík. Ástæða fyrir þessari ritgerð var að ég hef mikinn áhuga fyrir mælingum á íþróttafólki, greining á frammistöðu íþróttafólks og mælingu heilsu. Ég vil þakka Örnú Rún Jónsdóttir og Unnbjörgu Jónu Ómarsdóttir fyrir að gefa mér tækifæri að taka þátt í mælingum og gefa góð ráð.

Leiðbeinendur þessa verkefnisins voru Unnbjörgu Jónu Ómarsdóttir og Ingi Þór Einarsson og þakka þeim tveimur fyrir góða leiðsögn og stuðning. Einnig vill ég þakka kærustu minni Helgu Húnfjörð Jósepsdóttir fyrir alla leiðsögn, stuðning og þolinmæði sem hún hefur sýnt mér í gegnum þetta verkefni. Að lokum vill ég þakka fjölskyldu minni fyrir stuðning og þolinmæði í gegnum þetta verkefni.

Efnisyfirlit

Útdráttur	2
Formáli	3
Töfluskra	5
Inngangur	6
Fræðilegur kafli	7
Crossfit	7
Fótbolti.....	7
Hlaup	8
Orkukerfi líkamans.....	9
Lofffirt orkukerfi	9
Loftháða orkukerfi	10
Orkukerfi í íþróttum	11
Hlaup.....	11
Crossfit.....	11
Fótbolti	12
VO ₂ max, mjólkursýra, RER.....	12
Mjólkursýra.....	12
VO _{2max}	13
RER	14
Munur á körlum og konum í þolíþróttum	15
Áhrif aldurs á þol.....	16
Markmið.....	16
Aðferð.....	17
Þátttakendur	17
Mælitæki	17
Rannsóknarsnið.....	17
Framkvæmd	17
Úrvinnsla.....	18
Niðurstöður.....	19
Umræður	22
Heimildaskrá	26

Töfluskra

Tafla 1. meðal aldur, hæð og þyngd þátttakenda	19
Tafla 2. mjólkursýru á öllum stigum mælingar	20
Tafla 3. $VO_{2\max}$, hámarks RER og tíma við RER 1,0	21

Inngangur

Einn helsti áhrifaþáttur heilbrigðis á öllum æviskeiðum er hreyfing (*Hreyfing*, e.d.). Hvort sem fólk sé að hreyfa sig í íþróttum eða á eigin forsendum er alltaf mikilvægt að það sé gert á hverjum degi. Yfir 47.000 krakkar undir 17 ára aldri æfa íþróttir á Íslandi, af krökkum á 12 ára aldri stunda átta af hverjum tíu íþróttir með íþróttafélagi (*Íþróttir barna og unglinga*, e.d.). Embætti landlæknis talar um að börn og unglingar eiga að hreyfa sig í um 60 mínútur á dag og fullorðnir og eldra fólk eiga að hreyfa sig í um 30 mínútur á dag (*Hreyfiráðleggingar - Bæklingur*, e.d.). Á Íslandi er margt í boði sem tengist hreyfingu, hægt er að fara í göngutúra, hlaupa víðs vegar, fara í fjölda heilsurækta, Crossfit eða stunda bumbubolta með liði. Margir krakkar og unglingar æfa hópíþróttir, vinsælasta er fótþolti þar sem yfir 13.000 iðkendur 17 ára og yngri eru skráðir í KSÍ (*Tölfræði 2020*, e.d.). Alls eru yfir 147.000 iðkendur skráð í Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands (*Tölfræði 2020*, e.d.).

Núna síðastliðin ár hafa margir, unglingar sem ungt fólk, farið að æfa Crossfit (Claudino o.fl., 2018). Crossfit er orðin heimsfræg íþrótt sem stofnað var árið 1995 af Greg Glassman (Glassman, 2006). Crossfit er byggt upp á háákefðar æfingar áætlun þar sem einstaklingar gera fjölbreyttar hreyfingar sem samanstanda af líkamsþyngdar æfingum, lyftingum, ólympískum lyftingum og fimleikum (Glassman, 2006). Til eru keppnir sem fólk tekur þátt í á heimsvísu eins og Crossfit Open þar sem einstaklingar keppast til að komast inn á Crossfit games sem er heimsmeistaramót í Crossfit (LLC, e.d.).

Hlaup er mjög vinsæl leið einstaklinga til að halda sér í formi þar sem hlaup er einföld og góð leið til að hreyfa sig. Á Íslandi eru fjölmargir sem keppa í hlaupum sem fara fram í gegnum Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ) þar sem er hlaupið maraþon, 21km, 10km eða 5km sem haldið er hvert ár. Árlega eru maraþon eins og Reykjavíkur og Íslandsbanka maraþon haldin fyrir almenning til að hlaupa og keppast við bestu tímána (*Miðstöð upplýsinga og fróðleiks fyrir alla þá sem stunda hlaup*, e.d.).

Eins og sést samkvæmt tölfræði frá íþróttasamband Íslands eru margir sem stunda íþróttir hjá félögum á Íslandi eða tæplega helmingur íbúa (*Tölfræði 2020*, e.d.), en ekki er til tölfræði fyrir einstaklinga sem stunda heilsuræktar eða Crossfit þar sem þær æfingar eru ekki innan íþróttafélags.

Fræðilegur kafli

Crossfit

Crossfit er tiltölulega ný þjálfunar- og keppnisaðferð sem hefur nýlega stækkað um allan heim. Æfingar þess ná yfir mörg hreyfimyndur og eru gerðar af mikilli ákefð (Claudino o.fl., 2018). Þjálfun er skipulögð sem daglegar æfingar sem kallast „workouts of the day“ eða WOD. Þessar æfingar eru framkvæmdar með stuttum eða engum hvíldartíma og sameina æfingar og hreyfingar í formi hringrásar (Glassman, 2006). Markmið margra þessara æfinga er að klára á sem besta tíma eða að gera eins margar umferðir af æfingum á ákveðnum tímaramma (Mangine o.fl., 2018). Crossfit samanstendur af þrem meginflokkum æfinga. Fyrsti eru fimleikar, þar sem einstaklingur er að nota sína eigin þyngd til að framkvæma æfingar eins og upphíingar, kaðlaklifur, armbeygjur, líkamsþyngdar hnébeygjur, burpees, handstöðu ganga o.s.fv. Næst er æfingar sem reyna á efnahvarfagetu líkamans (e. metabolic conditioning) og hjarta- og æðakerfið eins og hlaup, róður, hjól eða sipp. Að lokum er lyftingar, sem samanstendur af ólympískum lyftum (snatch, clean, jerk), réttstöðulyftu, hnébeygju, eða pressu fyrir ofan haus með notkun á lyftingarstöngum, þungum boltum, eða öðrum lóðum (Maté-Muñoz o.fl., 2017). Hver Crossfit æfing er frábrugðin hinum þar sem áhersla á æfingum er breytileg degi eftir dag þar sem suma daga er meiri lyftingar og aðra daga eru æfingar sem aðrir sem reyna meiri á almennan líkamlegan styrk (Crossfit, e.d.). Þó svo að æfingar eru ólíkar hafa þær það sameiginlegt að æfingarnar þær eru framkvæmdar á mjög hárrí ákefð. Þar sem mikill fjölbreytileiki er á æfingum Crossfittara er áreynsla á öll þrjú orkukerfi líkamans og iðkendur íþróttarinnar einblína ekki á neitt eitt orkukerfi (Goins, 2014).

Fótbolti

Fótbolti er ein vinsælasta íþrótt í heimi þar sem yfir 265 milljón manns er skráðir sem núverandi leikmenn (Fifa, 2007). Knattspyrna er blandað af bæði hreyfingum sem eru framkvæmdar á hárrí ákefð og svo hreyfingar framkvæmdar á lágri ákefð (Di Salvo o.fl., 2009). Lífeðlisfræðilegar kröfur fótbolta krefjast þess að leikmenn séu hæfir í nokkrum líkamlegum þáttum, bæði loftfirrt og loftháð þol, vöðvastyrk, liðleika, hraða og snerpu (Svensson og Drust, 2005). Fótbolta er oftast lýst sem loftháð íþrótt sem inniheldur snöggrar háákefðar vinnu (Di Salvo o.fl., 2009). Iðkendur í fótbolta framkvæma mikinn

fjöldi hreyfinga þar sem hámarks aflmyndun er lykilatriði, eins og í skotum, stökkum, tæklingum, sprettum og hraðabreytingum (Pucsok o.fl., 2021).

Í fótbolta er mikilvægt að iðkenndur geta framkvæmt hámarks aflmyndun á skömmum tíma. Einstaklingar þurfa alltaf að vera tilbúnir að framkvæma hreyfingar hvort sem það séu sprettir, stökk, tæklingar eða samskonar hámarksafis hreyfingar (Taylor o.fl., 2017). Þar sem fótbolta samanstendur af miklum háhraða sprettum tóku (Taylor o.fl., 2017) að sér að skoða spretti framkvæmda af atvinnufótboltamönnum, fundið var að leikmenn voru að framkvæma allt frá 17 til 30 stutta sem langa spretti í hverjum leik (Pucsok o.fl., 2021). Hámarks hraði afreksfótboltamanna í sprettum er í kringum 25 km/klst en ekki er raunhæft að leikmenn hlaupa á þessum hraða hverja sekúndu af leiknum (Taylor o.fl., 2017). Háhraða hreyfingar eru einnig mikilvægar í fótbolta, samt sem áður eru sprettir sem ná hámarkshraða yfir stutta vegalengd eða upp í 30-35 km/klst sjaldgæfir, eða að meðaltali tvisvar sinnum í leik (Bradley o.fl., 2009). Hægt er að bera saman atvinnumenn í fótbolta við fótboltamenn sem spila í neðri deildum með að skoða færni þeirra í hámarksaflmyndun (t.d. sprettir og stökkgeta) í æsku, sýnt hefur verið fram að atvinnumenn í fótbolta eru betri á því sviði samanborið við fótboltamenn í neðri deildum (Ramirez-Campillo o.fl., 2014).

Hlaup

Tómstundarhlaup, þar sem hlaupið er í frítíma sýnum og með það markmið að koma sér í form, er ein vinsælasta íþrótt í dag um allan heim (van Iperen o.fl., 2020). Hlaup hefur marga kosti, fundið hefur verið að hlaup hjálpi við betri vellíðan, minnkar dauðslíkur vegna heilsuþætingu og auki lífsgleði (van Iperen o.fl., 2020). Hlaup er grundvallarform mannlegrar hreyfingar og er algengasta hreyfimynda í íþróttum (Foland o.fl., 2017). Moore (2016) greinir frá helstu kröfur hlaups sem eru hámarkssúrefnisupptaka, mjólkursýruþröskuldur og hlaupa hagkvæmni (e. *running economy*). Til eru nokkrar týpur af hlaupum, þar á meðal kapphlaup, götuhlaup, utanvegarhlaup og tómstundahlaup. Á ólympíuleikunum er keppt í kapphlaupum sem keppt er á íþróttavöllum eða í íþróttahúsum. Þær vegalengdir sem keppt er í eru 100 m, 200 m, og 400 m spretthlaup, millivegalengda hlaup sem eru 800 m, 1500 m og 3000 m svo koma langhlaup sem eru 5000 m og 10000 m (Casado o.fl., 2020). Algengasta hlaup sem er stundað út um allan

heim er götuhlaup þar sem einstaklingar hlaupa á götum og gangstéttum þar sem yfirborð er flatt og jafnt (Björklund o.fl., 2019), algengast er að keppa í 5 km, 10 km, 21,1 km og maraþoni (42,2 km) (IAAF, e.d.). Einnig er til hlaup eins og utanvegarhlaup (e. cross country running) þar sem keppendur eru að hlaupa á allskonar yfirborðum, algengast á grasi, mold og drullu, þar sem yfirborð er ójafnt eða hólótt (Esteve-Lanao o.fl., 2014).

Orkukerfi líkamans

Þol er geta líkamans til að haldið hárrí eða lárri ákefð yfir langan tíma (Bompa og Haff, 2009). Þol er skipt upp í tvennskonar flokka, loftfirrt og loftháð þol, og það er mismunandi milli íþróttar hvaða orkukerfi líkaminn stólar helst á (Bompa og Haff, 2009). Þörf líkamans til orkumyndunar gerir greinarmun á milli orkukerfanna. Loftfirrt orkukerfi búa til mikla orku á miðlungs til hámarks ákefðar æfingum eins og í 100 metra spretthlaupi eða á háákefðar crossfit æfingu. Oxunarkerfið útvegar orku fyrir æfingar sem krefjast litla til meðal háa ákefð eins og þegar einstaklingur er að hlaupa maraþon (Bompa og Haff, 2009). Helstu orkukerfin sem líkaminn notar eru þrjú, þau eru orkukerfin ATP-PCr og sykurofskerfið sem eru loftfirrt orkukerfi og oxunarkerfið sem er loftháð orkukerfi. Kolvetni, fita og, að mjög litlu magni, prótein eru helstu einingar sem líkaminn notar til orkumyndunar (Hawley og Hopkins, 1995).

Loftfirrt orkukerfi

Loftfirrt orkukerfið lýsir getu líkamans til að búa til og viðhalda orku í gegnum leiðir án oxunar til að styðja við efnaskiptaþörf á meðan hámarks ákefðaræfingu stendur (Armstrong og Welsman, 2020). Annað af loftfirrt orkukerfunum er ATP-PCr kerfið. ATP-PCr inniheldur þrjú grunnhvörf sem notuð eru við myndun á ATP. Vegna þess að breinagrindarvöðvarnir hafa takmarkaðar ATP birgðir þarf frekari efnahvörf til að viðhalda ATP aðgengi (Bompa og Haff, 2009). Byrgðir ATP í beinagrindsvöðvum klárast innan við 10 sekúndur þegar líkaminn framkvæmir háákefðar vinnu (Bompa og Haff, 2009). ADP-PCr kerfið er talið vera aðal orkan sem líkaminn notar við 100m spretti (Spencer o.fl., 2005) og eina endurtekningu af hámarks lyftu (Zuniga o.fl., 2012).

Sykurofskerfið (e. *glycolytic system*) er seinna loftfirrt orkukerfið og er aðal orkukerfið þegar vinna er framkvæmd í 20 sekúndur til um 2 mínútur (Bompa og Haff,

2009). Sykurrofskerfið fær nafnið sitt frá leið sinni til að mynda ATP, myndun ATP með sykurrofskerfinu kemur frá niðurbroti kolvetnis án notkun súrefnis (Hawley og Hopkins, 1995). Einnig er til loftháð sykurrof (e. *aerobic glycolytic system*) þar sem notað er súrefni til myndunar á orku (Hawley og Hopkins, 1995). Í byrjun orkumyndunar er meirihluti ATP framleiðslu komið frá hröðu sykurrofi (e. *fast glycolysis*) en þegar æfingaralag er orðið lengra og nær dregur 2 mínútum tekur hæg sykurrof (e. *slow glycolysis*) við og myndar megin magn ATP til notkunar (Bompa og Haff, 2009). 400m sprettthlaup er gott dæmi um notnun á sykurrofskerfinu sem aðal orkukerfi til orku myndunar þar sem spretturinn tekur um 60 til 90 sekúndur og einstaklingur þarf að halda ákveðnum takti vegna lengdar hlaups (Zouhal o.fl., 2010). Loftfirrt sykurrof leiðir til myndunar á mjólkursýru (Bompa og Haff, 2009). Þegar sykurrof á sér stað til lengri tíma getur hæfni líkamans til að umbreyta mjólkursýru í laktat skerst sem leiðir til uppsöfnunar á mjólkursýru í vöðvum sem getur leitt til þreytu og að lokum minni virkni í vöðvum (Bompa og Haff, 2009). Þegar magn blóð laktats er komið yfir 4 mmol^{-1} kallast það OBLA eða „onset of blood lactate accumulation“ (Chmura og Nazar, 2010). OBLA er ein af þeim þáttum sem notað hefur verið til að spá fyrir hæfni hjarta- og öndunarfæra (Henritze o.fl., 1985). Þegar einstaklingur líkur háákefðar æfingu þarf líkaminn að tíma til að endurnýja sykurrofs birgðir líkamans, þegar einstaklingur gefur líkamanum ekki nægan tíma til að endurnýja sykurrofs byrðir líkamans getur einstaklingur upplifað vöðvaslappleika, minni stöðuspennu kraftmyndun (e. isokinetic power) og minnkun í ísómetrískum styrk (Bompa og Haff, 2009). Full endurheimt á glýkógen birgðum tekur að meðaltali 20 til 24 klukkutíma eftir æfingu (Bompa og Haff, 2009).

Loftháða orkukerfi

Hreyfing sem varir lengur en 2 mínúta er að mestu knúið áfram af loftháða kerfinu sem notast við súrefni við niðurbrot lípíð (þríglýseríða, fitusýrur og ketóna) og að mjög litlu leiti prótein (Hawley og Hopkins, 1995). Einnig er notast við kolvetni í loftháða ferlinu en það ferli byrjar með oxunarefnaskiptum blóðsykurs og glýkógeni vöðva með glýkólýsu. Ef súrefni er til staðar í nægilegu magni breytist lokaafurð glýkólýsu, pýrúvat, ekki í laktat heldur er flutt í hvatberana, þar sem það er tekið upp í Krebs hringrásina (hæg glýkólýsa) og í kjölfarið kemst það í rafeindaflutningskeðju (e. *Electron transport chain*) til að búa til ATP frá ADP. Framleiðsla ATP meðan á þessu ferli stendur er kölluð oxandunarfosforun

(Kenney o.fl., 2012). Oxunarkerfið eða loftháða kerfið er aðal orkukerfið til myndunar á ATP fyrir vinnu sem endast í um 2 mínútur og að í kringum 3 klukkutíma, æfingar eins og millilengdar- og langhlaup sem eru 800 metrar eða lengri, hálf eða heil maraþon (Bompa og Haff, 2009).

Orkukerfi í íþróttum

Hlaup

Göruhlauparar vinna á svipuðum hraða og tempói yfir langar vegalengdir. Niðurstöður fyrri rannsókna gefa til kynna hlutfallslegt hátt framlag loftháðs orkukerfis eða um 96% af allri orkuframleiðslu við langhlaup, þetta sýnir mikilvægi oxunarefnaskipta fyrir heildarframmistöðu hlaupa (R. Duffield o.fl., 2004). Með þessu er hægt að áætla að loftháð framlag tengst þrek frammistöðu (e. *endurance performance*) vegna mikillar getu (heildarmagn tiltækrar orku) loftháðra efnaskipta til að endurmynda ATP, svo hægt er að fá það í miklu magni yfir langan tíma (Gastin, 2001). Í fyrri rannsókn sýndi Duffield að loftháð efnaskipti (e. *Aerobic metabolism*) voru helstu orkugjafi til hlaupara sem kepptu í 1500m og 3000m brautagreinum, þar sem loftháð framlag eykst eftir því sem vegalengd eykst (Rob Duffield o.fl., 2005).

Crossfit

Á Crossfit æfingum er æfingargerð fjölbreytt þar sem öll þrjú orkukerfin eru notuð. Hlutfallslegt framlag orkukerfanna til heildarorkuveitu fer eftir ákefðinni og lengd æfingar og einnig fer eftir heilbrigði einstaklings (Zuniga o.fl., 2012). Dæmi um æfingar sem vinna á sitthvor orkukerfi eru eins og hámarks lyfta í einhverri æfingu með einni endurtekningu reynir aðallega á ATP-PCr orkukerfið (Zuniga o.fl., 2012). Æfingar sem byggjast á EMOM (every minute on the minute) þar sem einstaklingur gerir einhverjar æfingar á hverri mínútu og fá kvíld restina af mínútunni til að hvíla, byggist á lofffirtra sykurofs kerfinu í þar sem æfingar taka um það bil 20-40 sekúndur til að klára (Bompa og Haff, 2009). Æfingar sem byggjast á æfingarforminu AMRAP (as many rounds as possible) er stöðugt æfingaralag í allt frá 5-30 mínútum, með þess er hægt að áætla að loftháða orkukerfið er aðal orkugjafi líkamans á þeim tíma (Bompa og Haff, 2009).

Fótbolti

Fyrir atvinnumenn í fótbolta er að meðaltali heildar háákefðar vinna sem framkvæmd er í leik í um 7 mínútur. Á þessum tíma eru að meðaltali 19 háákefðar sprettir sem varir að meðaltali í 2,0 sekúndur (Bangsbo o.fl., 1991). Þar sem háákefða vinna varir í einungis 2,0 sekúndur notar líkaminn ATP-PCr til orkumyndunar (Bompa og Haff, 2009). Með loftháðri orkumyndun er 90% af allri orkumyndun í leik (Bangsbo, 1994). Samt sem áður spilar loftfirrt orkumyndun mikinn þátt í leik fótbolta iðkanda (Bangsbo, 1994).

VO₂ max, mjólkursýra, RER

Mjólkursýra

Mjólkursýru myndun hefst fyrst við loftháða vinnu í litlu magni en tímapunkturinn þar sem hún eykst með miklu magni kallast það mjólkursýruþröskuldur. Hann táknar tilfærslu frá loftháðum orkukerfis forða yfir í loftfirrtan orkukerfis forða með auknu æfingar álagi (Bompa og Haff, 2009). Í heilbrigðum einstakling er hvíldar mjólkursýra á bilinu 0,5 – 1,5 mmól/L (Burtis og Bruns, 2014). Í óþjálfuðum einstaklingum kemur mjólkursýruþröskuldur fram á bilinu 50% til 60% af hámarks súrefnisupptöku (VO₂ max), en hjá einstaklingum sem æfa þolþjálfun kemur mjólkursýruþröskuldur fram í allt að 80% af hámarks súrefnisupptöku (VO₂ max) (Bompa og Haff, 2009). Það hefur sýnt sig að hjá atvinnumönnum í þolíþrótt kemur mjólkursýruþröskuldurinn fram á bilinu 83% til 93% af hámarks hjartsláttartíðni (Bompa og Haff, 2009). Mjólkursýra er oftast mæld í millimólum á hvern lítra af blóði (mmol/L) (Bakker o.fl., 2013).

Mjólkursýru endurheimt er geta líkamans til að vinna að mestu leiti úr laktati í vöðvum (Bakker o.fl., 2013). Uppsöfnun laktat í vöðvum í þjálfun geta valdið vöðvaþreytu og getur verið hamlandi fyrir vöðvasamdrátt vöðva sem vinna háákefðar vinnu (Dodd o.fl., 1984). Sýnt hefur verið fram á að virk endurheimtunar æfingar sé betri til losunar á laktati í blóði frekar en óvirk endurheimtunar æfingar (eins og teygjur og að slaka á) (Menzies o.fl., 2010). Í grein sem gerð var að Stamford o.fl segir að helsta leið til að losa laktat úr blóð eftir háákefðar æfingu sé endurheimtunar æfingar á miðlungs- til háákefðar vinnuálagi í 5-7 mínútur fylgt eftir af léttri vinnu vöðvans út restina af endurheimtunar

tímanum (Stamford o.fl., 1981). Helsta ástæðan fyrir þessu fyrirkomulagi er því það þarf að halda háu blóðflæði til vinnandi vöðva snemma í endurheimtunar tímarammanum svo möguleiki sé á losun laktats úr vöðvafrumum út í blóðið (Stamford o.fl., 1981).

Í fyrri rannsóknum þar sem álíka háákefðar próf var sett upp fannst að mjólkursýra fótboltafólks beint eftir próf getur verið á bilinu 10-13 mmól/L (Froese og Houston, 1987; Santos-Silva o.fl., 2017; Öztürk o.fl., 1998). Fyrri rannsóknir hafa skoðað einstaklinga sem stunda afreks þolíþróttir (hlaup, hjól og þríþraut) þar sem keppt er annaðhvort innlent eða alþjóðlegt þar sem skoðað var hámarkssúrefnis upptöku, skoðað var konur og karla, skoðað var mjólkursýru í líkamanum beint eftir próf fannst að konur eru með $6,9 \pm 1,7$ mmól/L og karlar eru með $7,6 \pm 1,6$ mmól/L (Knechtle o.fl., 2004). Í fyrri rannsókn var skoðað mjólkursýru í líkamanum hjá afreks Crossfitturum þar sem sex umferðir af háákefðar æfingum sem tóku um 15 mín hvor fannst að mjólkursýra beint eftir próf hjá körlum og konum var á bilinu 5,4 – 13,0 mmól/L eða að meðaltali $9,4 \pm 2,3$ mmól/L (Feito o.fl., 2019). Einnig var áhugavert var að einstaklingar í rannsókn Feito o.fl. (2019) fengu sjö mínútna hvíldartíma eftir að hafa framkvæmt allar æfingarnar og mjólkursýra jókst upp í $11,5 \pm 2,5$ mmól/L að meðaltali fyrir karlar og konur.

VO_{2max}

Hámarkssúrefnisupptaka eða VO_{2max} hefur verið notuð til að skoða hæfni hjarta- og öndunarfæra (Henritze o.fl., 1985). Hámarkssúrefnisupptaka sem mæling á loftháðri getu hefur verið skilgreint sem alþjóðlegur staðall af líkamlegri getu (Fleg o.fl., 2000). Hámarkssúrefnisupptaka er algengast mæld í ml x kg⁻¹ x min⁻¹ eða millilítrar af súrefnis notkun á einni mínútu á hvert kílógramm líkamspýngdar en til eru fleiri mælingar fyrir hámarkssúrefnisupptöku (Speechly o.fl., 1996). Venjulegir og óþjálfaðir 18 til 22 ára einstaklingar eru að meðaltali með hámarkssúrefnisupptöku gildin 38 til 42 ml x kg⁻¹ x min⁻¹ fyrir konur og 44 til 50 ml x kg⁻¹ x min⁻¹ fyrir karla (Kenney o.fl., 2012). Þegar fólk eldist minnkar geta einstaklings á loftháðu þoli. Í heilbrigðum einstaklingum á aldrinum 35 ára til 65-70 ára minnkar geta á loftháðu þoli um 6% til 8% fyrir hvern áratug sem líður (Reaburn og Dascombe, 2009). Fundið hefur verið að kyn, heildarvöðvamassi, vöðvagerðir, líkamspjálfun, súrefnisupptökukerfi og erfðir hafi allt áhrif á loftfirra getu einstaklings (Fleg o.fl., 2000; Reaburn og Dascombe, 2009).

Fyrri rannsóknir hafa skoðað einstaklinga sem stunda afreks þolíþróttir (hlaup, hjól og þríbraut) þar sem keppt er annaðhvort innlent eða alþjóðlegt þar sem skoðað var hámarkssúrefnis upptöku, skoðað var konur og karla, konur voru með að meðaltali 52,8 í $VO_{2\max}$ (ml x kg⁻¹ x min⁻¹) og karlar voru með 61,4 í $VO_{2\max}$ (ml x kg⁻¹ x min⁻¹) að meðaltali (Knechtle o.fl., 2004). Fyrri rannsóknir sem taka fótbolta iðkendur fyrir tala um að bil sem atvinnumenn í fótbolta ættu að vera á bilinu 60-75 í $VO_{2\max}$ (ml x kg⁻¹ x min⁻¹) (Bangsbo, 1994). Í rannsókn þar sem skoða var afreks crossfittara sem framkvæmdu 15 mínútna háákefða æfingu sex sinnum með litla hvíld á milli þar sem skoðað var $VO_{2\max}$, í þeirri rannsókn voru karlar á bilinu 31,8 – 39,5 í $VO_{2\max}$ (ml x kg⁻¹ x min⁻¹) og konur voru með á bilinu 31,4 – 39,1 í $VO_{2\max}$ (ml x kg⁻¹ x min⁻¹) (Feito o.fl., 2019).

Helsta vandamálið við að mæla hámarkssúrefnisupptöku er að eina leiðin sem er samþykkt er að gera mælingar sem þarf að eiga sér stað á rannsóknarstofu (Ranković o.fl., 2010). Á rannsóknarstofunni þarf að nota grímu til að mæla súrefnis upptöku og koltvíoxíð útöndun. Annaðhvort er hlaupið á hlaupabretti eða hjólað á æfingar hjóli þar sem hægt er að hækka ákefð á vissum tímum. Þróað hefur verið margar tegundir prófana til að mæla hámarkssúrefnisupptöku, dæmi um slíka er uppstigs próf („step test“), til mælingar á mörgum einstaklingum þar sem fylgst er með hjartslættinum til að meta hámarkssúrefnisupptöku, en það eru óstöðluð próf þar sem prófið uppfyllir ekki helstu kröfur fyrir óbeint mat á loftháðri getu (Ranković o.fl., 2010).

RER

Öndunarstuðull (e. *Respiratory Exchange Ratio*, RER) er reiknað með hlutfalli koltvíoxíð framleiðslu á móti súrefnisupptöku (Ramos-Jiménez o.fl., 2008). Hátt RER, yfir 1.0, gildi gefur það til kynna að einstaklingur sé aðallega að brenna kolvetni sem orkugjafa og ef RER stuðull er lágur, undir 0.9, gefur það til kynna að lípíð sé notað sem megin orkugjafi (Ramos-Jiménez o.fl., 2008). Fyrir meðal manneskju er RER í kringum 0.8 þegar einstaklingurinn er við hvíld en þetta getur breyst með mataræði eða öðrum þáttum (Kenney o.fl., 2012). Á meðan einstaklingur er undir álagi fer stuðullinn jafnt og þétt hækkanði og nær hámarki í kringum 1.2 (Kenney o.fl., 2012). Þegar RER er í 1 er

einstaklingur kominn að sínum loftfirra þröskuldi þar sem líkaminn fer að nota sykrur sem orkugjafa og byrjar að mynda mjólkursýru (Kenney o.fl., 2012).

Munur á körlum og konum í þolíþróttum

Konur hafa að meðaltali 15-25% lærrí hámarkssúrefnisupptöku heldur en karlar, en þegar tekið er hlutfall á líkamsþyngdar lækkar bilið á milli kvenna og karla niður í 5-15% (Cureton o.fl., 1986; Drinkwater, 1973). Þegar skoðað er hámarkssúrefnisupptöku miðað við líkamsþyngd minnkar munurinn á hámarkssúrefnisupptöku sem gefur til kynna að líkamsþyngd gegni mikilvægu hlutverki í mun á körlum og konum. Venjulega eru konur léttari en karlar Perez-Gomez o.fl. (2008) og hafa að meðaltali í kringum 10% lærrí vöðvamassa heldur en karlar (Maud og Shultz, 1986). Einnig hafa konur mismunandi dreifingu á vöðvamassa heldur en karlar vegna hæðar mismunar, þar sem karlar eru að meðaltali hærri en konur (Janssen o.fl., 2000). Meðal loftháð aflmyndun hækkar með aukinum vöðvamassa (Perez-Gomez o.fl., 2008). Aukning á loftháðu afli með aukningu á vöðvamassa er sú sama hjá körlum og konum (Perez-Gomez o.fl., 2008). Þar sem vöðvar eru mestu súrefnisneytandinn á meðan æfingu stendur Lumb (2017) er meiri vöðvamassi hjá körlum að hluta ábyrgðar fyrir hærri hámarkssúrefnisupptöku samanborið við konur.

Með að auka annaðhvort hjartsláttartíðni eða slagmagn eykst kolsýringur (CO). Í hvíld er CO (l/mín) hærri hjá körlum en konum en ef tekið er tillit til líkamsþyngdar finnst enginn munur á milli kynjanna (Zavorsky o.fl., 2014). Einnig finnst ekki munur á hjartsláttar tíðni í hvíld á milli kynja (Wiebe o.fl., 1998). Þegar skoðað er hámarkssúrefnisupptöku miðað við líkamsþyngd getur munurinn á milli kynjanna minnkað frá 15-25% niður í 5-10% en samt sem áður er munur (Cureton o.fl., 1986; Drinkwater, 1973). Eina mögulega ástæðan fyrir mun á kynjunum er takmörkun á súrefnisflutningsgetu blóðsins (Diaz-Canestro o.fl., 2022). Súrefni er flutt til starfandi vöðva í blóði með því að bindast járnsameind (e. *Iron molecule*) blóðrauðaeiningu (e. *hemoglobin*) í blóðfrumu (e. *blood cell*) (Kenney o.fl., 2012). Að meðaltali hafa konur lægri blóðrauðapéttni (e. *hemoglobin concentration*) heldur en karlar (McArdle o.fl., 2010). Þegar lækkað er blóðrauðugildi karla niður í svipað magn og kvenna, með blóðtöku, dregur verulega úr heildaræfingartíma og súrefnisnotkun. Þessi minnkun á blóðrauðu lækkar gildi karla niður í magn blóðrauðu kvenna (Cureton o.fl., 1986). Niðurstöður úr

rannsókn Cureton(1986) gefur til kynna að lág þéttni á blauðrauðu í konum takmarki súrefnis aðgengi sem lækkar loftfirrtu getu.

Áhrif aldurs á þol

Minnkun á vöðvastyrk og loftháðri getu eru á meðal áhrifamestu lífeðlisfræðilegu breytinga sem verða á öldrunarferlinu þegar er tekið tillit til lífsgæða og stafræns sjálfstæðis, mælt sem hámarkssúrefnis notkun ($VO_{2\max}$). Fjöldi rannsókna hafa sýnt fram á lækkun á $VO_{2\max}$ um 5% til 10% á áratug hjá óþjálfuðum einstaklingum (Buskirk og Hodgson, 1987; Heath o.fl., 1981). Loftháð þol hjá þjálfuðum einstaklingum lækkar um 3% til 6% á hverjum áratug frá aldrinum 20-30 ára (Fleg o.fl., 2005). Þótt aldur í sjálfu sér sé talinn stuðla að þessari hnignun eykur aldurstengd lækkun á háákefðar líkamlegri hreyfingu (Ogawa o.fl., 1992) og vöðvamassa (Volpi o.fl., 2004). Fundið hefur verið að lækkun verður á hámarkssúrefnisupptöku við kyrrsetu lífsstíl um 8,7% hjá körlum (Wilson og Tanaka, 2000) og 10% hjá konum (Fitzgerald o.fl., 1997). Þegar borið er saman fólk sem er að eldast sem stundar þolþjálfun og fólk sem stundar kyrrsetu sést meiri lækkun á hámarkssúrefnisupptöku hjá fólki sem stundar þolfjálfun, það getur stafað út frá því að einstaklingar sem stunda þolþjálfun hafa hærri gildi á yngri aldri heldur en fólk sem lifir kyrrsetu lífsstíl (Fitzgerald o.fl., 1997).

Markmið

Markmið þessarar rannsóknar var að bera saman $VO_{2\max}$ og mjólkursýru hjá karlkyns og kvenkyns hlaupurum. Einnig var borið saman kvenkyns hlauparar, kvenkyns crossfitara og kvenkyns fótbolta iðkendur saman. Borið var saman $VO_{2\max}$, hámarks mjólkursýru uppsöfnun í líkamanum og endurheimt hennar eftir háákefðar þolpróf.

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur rannsóknarinnar voru Crossfitarar, hlauparar og fótboltafólk á aldrinum 18-50 ára. Meðalaldur kvenna sem stundaði Crossfit var $33,7 \pm 10,5$ ára. Meðalaldur karla sem stundaði hlaup var $36,9 \pm 8,3$ ár og $36,5 \pm 9,2$ ár hjá konum. Meðalaldur kvenna sem stundaði fótbolta $21,7 \pm 3,9$ ár. Heildarfjöldi þátttakenda var 68 talsins, þar af 30 karlkyns hlauparar, 17 kvenkyns hlauparar, níu kvenkyns Crossfittarar og 12 kvenkyns fótbolta iðkendur. Þessir hópar íþróttafólks voru valdir vegna mismunar á ákefðarstigi á bæði æfingum og keppnum.

Mælitæki

Hæð þátttakenda var mæld með hæðamæli. Hæðin var mæld í sentimetrum með skekkjumörk upp á ± 1 mm. Þátttakendur voru mæld var þátttakendur á vigt í kílógrömmum með skekkjumörk upp á ± 50 g. Mælitæki af gerðinni PNOË var notaður við mælingu á hámarkssúrefnisupptöku ásamt RER. Tengt var PNOË við spjaldtölvu með „Bluetooth“ of fylgst var með súrefnisupptöku og RER í gegnum spjaldtölvuna. Þátttakendur hlupu á hlaupabretti af gerðinni Schiller MTM-1500 með. Mjólkursýrumælir af gerðinni Lactate Pro 2 var notaður og sýnir mælirinn sýrustig í blóði (mmól/L).

Rannsóknarsnið

Notast var við meginlega rannsóknaraðferð við gerð þessarar rannsóknar. Gerð rannsóknarinnar var lýsandi þversniðs rannsókn þar sem frumbreytur mínar voru $VO_{2\max}$ og mjólkursýra þar sem fylgibreytur mínar voru tegund íþrotta (Hlauparar, Crossfit og fótbolti).

Framkvæmd

Framkvæmd mælinga átti sér stað í íþróttarannsóknastofu í Háskólanum í Reykjavík. Mælingarnar fóru fram á tveimur tímabilum, annarsvegar 17. febrúar til 6. Mars 2021 og hinsvegar 12. til 26. október árið 2021. Mæling hvers þátttakenda tók um eina klukkustund. Í byrjun voru hæð og þyngd þátttakenda mæld. Næst var hvíldar mjólkursýra einstakling. Að því loknu var hámarkssúrefnis upptakamæld. Þegar þátttakendurnir voru tilbúinir að taka prófið var PNOË gríman mátuð á einstakling. Næst var framkvæmd

Þriggja mínútna upphitun á hlaupabretti á 5 km/klst hraðanum. Þegar upphitun lauk var aftur tekin mæling á mjólkursýru áður en prófið byrjaði. Prófið er stigvaxandi hámarkspróf framkvæmd á hlaupabretti. Þegar prófið er byrjað er hlaupið á 8 km/klst á 1% halla. Þar á eftir var hraði hlaupabrettis aukinn um 2 km/klst og hlaupið á hverjum hraða í tvær mínútur á hlaupabrettinu. Ef þátttakandi náði að hlaupa í tvær mínútur á 16 km/klst var hætt að auka hraðan og halli brettis aukinn um 2% í staðin. Mjólkursýra var síðan mælt strax eftir prófið og sex mínútum eftir prófið.

Úrvinnsla

Í rannsókninni var notast við meginlegar rannsóknaraðferðir þar sem öllum tölfræðilegum gögnum var safnað sama og voru þau skráð niður. Gögn voru skráð niður í forritið Google Docs. Gögnin voru íþrótt (Crossfit, hlaup eða fótbolti), aldur, hæð, þyngd, mjólkursýra í hvíld, mjólkursýra eftir upphitun, mjólkursýra beint eftir próf, mjólkursýra sex mínútum eftir próf, VO_{2max} . Gögnin voru færð frá Google Docs yfir í forrit sem heitir SPSS. Í SPSS var reiknað T-próf (e. *Independant sample T-test*) til að reikna marktækan mun og töflur teiknaðar fyrir lýsandi tölfræði með meðaltali og staðalfrávikis. Með lýsandi tölfræðigögnum úr SPSS voru gerðar töflur í Microsoft Word.

Niðurstöður

Lýsandi tölfræði

